



SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

Þriðjudagur, 26. júní, 2007

Álit nr. 1/2007

Erindi Fréttavefs Suðurlands ehf. vegna leigu Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga á léninu sudurland.is til Sunnlenska fréttablaðsins og Eyjafrétta.

I.

Upphaf málsins og málsmeðferð

1.

Samkeppniseftirlitinu barst erindi, dags. 30. nóvember 2005, frá Fréttavef Suðurlands (Fréttavefurinn) vegna samnings, dags. 10. október 2005, sem Samtök sunnlenskra sveitarfélaga (SASS) gerðu við Sunnlenska fréttablaðið og Eyjafréttir um afnot af léninu sudurland.is. Lén þetta var áður notað fyrir heimasíðu SASS. Í erindi Fréttavefsins er þess farið á leit við Samkeppniseftirlitið að það grípi til aðgerða gagnvart SASS og ógildi umræddan samning, en samningurinn kveður á um að fréttamiðlarnir tveir fái afnot af umræddu léni til þess að reka þar fréttavef.

Áður en samningur SASS og Sunnlenska fréttablaðsins og Eyjafrétta var gerður, barst Samkeppniseftirlitinu ábending um fyrirætlanir SASS. Með bréfi, dags. 5. október 2005, benti stofnunin SASS á að fyrirhugaður samningur kynni að brjóta í bága við samkeppnislög. Í framhaldi óskaði SASS eftir lögfræðilegu álitum um það hvort samningurinn bryti í bága við samkeppnislög, en fékk þau skilaboð frá lögfræðistofu sinni þann 6. október 2005, að ábending Samkeppniseftirlitsins gæfi ekki tilefni til neinna breytinga á samningnum. Hinn 10. október 2005 gerðu SASS annars vegar og Sunnan4 ehf. og Eyjasýn ehf. hins vegar með sér samning um að síðarnefndu aðilarnir fengju afnot af léni SASS, sudurland.is.

Dagana 25.-26. nóvember 2005 var vefur SASS, sudurland.is, opnaður sem almennur fréttavefur. Vefurinn hefur verið starfræktur sem fréttavefur frá þeim degi.

2.

Í áðurnefndri kvörtun Fréttavefsins, dags. 30. nóvember 2005, kemur fram að kærandi keypti fréttavefinn sudurland.net á árinu 2005 og lagði nokkurt fé í endurbætur á útliti vefjarins og grunnkerfi hans. Þegar kærandi keypti vefinn hafi verið nokkur samkeppni á markaðnum enda hafi verið haldið úti veffréttamiðlum á Selfossi og í Vestmannaeyjum. Að sögn kæranda sótti vefurinn sudurland.net í sig veðrið eftir að hann keypti vefinn og fjölgaði heimsóknum jafnt og þétt.

Þá segir kærandi að heimsóknartíðni sé það sem öllu máli skipti um rekstur vefja sem þessa, enda byggist rekstur þeirra á auglýsingum, en sala auglýsinga ráðist að nokkru af heimsóknartíðni.



Enn segir kærandi að samningur SASS og fréttamiðlanna tveggja hafi leitt til þess að hinn þekkti stjórnsýsluvefur sudurland.is sé orðinn að fréttavef í beinni samkeppni við sudurland.net. Hin miklu líkindi með heitum vefjanna valdi ruglingshættu, sem birtist í því að lesendur, sem hafi ætlað sér inn á sudurland.net, fari óvart inn á annan vef sem flytji þó sambærilegar fréttir og sudurland.net. Fréttavefurinn bendir á að annar þeirra aðila sem samstarf hafi nú um sudurland.is – Sunnlenska fréttablaðið – hafi átt vefinn sunnlenska.is fyrir. „Sunnlenska“ sé þekkt vörumerki á Suðurlandi. Í stað þess að halda áfram rekstri og uppbyggingu á þeim vef, hafi þessir aðilar kosið að byggja upp vefinn sudurland.is eftir að þeir tóku upp samstarf sín á milli, þrátt fyrir að þeir hafi ekki eignast þann vef heldur aðeins fengið af honum tímabundin afnot. Telur Fréttavefurinn að þessir aðilar hafi sóst eftir því að fá umferð um hinn áður þekhta stjórnsýsluvef SASS, sudurland.is, inn á sinn fréttavef, en auk þess nýttist þessum aðilum ruglingshætta vegna vefsins sudurland.net, þar sem þeim muni nýtast áhrifin af samheitinu, sem sudurland.net hafi markaðssett á síðustu 5 árum.

Kærandi telur SASS hafa afhent keppinautum sínum „*aðgengi að lesendahópi sem að öðrum kosti hefði þurft kostnaðarsama markaðsvinnu til að nálgast og ekki síður tíma. Hröð útbreiðsla [sé] lykilþáttur í rekstraruppbyggingu af þessu tagi.*“ Kærandi bendir á að frétt í Sunnlenska fréttablaðinu 1. desember 2005 staðfesti þetta. Þar segi blaðið frá því að „*mörg þúsund*“ hafi heimsótt nýja vefinn á fyrstu vikunni. Hins vegar liggja fyrir að vefurinn hafi ekki verið auglýstur fyrr en daginn sem þessi frétt birtist.

Kærandi bendir einnig á forsögu málsins, þ.e.a.s. hvernig hann og Samkeppniseftirlitið hafi bent SASS á að umræddur samningur væri vafasamur. SASS hafi ekki hirt um þær aðvaranir.

Kærandi bendir á að þessi gerningur SASS vegi að Fréttavefnum og mismuni tveimur keppinautum. SASS hafi með þessu verðfellt vörumerkið sudurland.net. Þá bendir kærandi á að málsaðilar geti ekki vikið sér undan ábyrgð vegna vankunnáttu og þekkingarleysis því að vitað sé að „*hart hafi verið deilt á fundum samtakanna um þetta mál*“ auk þess sem kærandi hafi tvisvar sent skriflegt erindi inn á stjórnarfundum SASS og Samkeppniseftirlitið sent SASS skriflega ábendingu vegna málsins.

Kærandi telur ofangreint fara gegn 1. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005 og vísar auk þess til 16. gr. sömu laga. Þá fór kærandi fram á að Samkeppniseftirlitið tæki bráðabirgðaákvörðun í málinu með vísan til 14. gr. málsmeðferðarreglna stofnunarinnar.

3.

Samkeppniseftirlitið tók erindi þetta til meðferðar og sendi SASS erindið til umsagnar með bréfi, dags. 6. desember 2005. Óskaði stofnunin auk þess eftir fundargerðum, tölvupóstum og minnisblöðum frá SASS er vörðuðu ofangreindan samning.

3.1

Umsögn SASS ásamt fylgigögnum barst með bréfi Óskars Sigurðssonar lögmanns, dags. 10. jan. 2006. Í bréfinu er aðdragandi málsins rakinn. SASS hafi fengið



lénið sudurland.is árið 1998 og notað fyrir heimasíðu og netföng, og hafi strax komið upp sú hugmynd, að tengja vefinn við öflugan fréttavef, sem þá hafi ekki verið til. Gerðar hafi verið tilraunir til þess að koma slíku til leiðar en ekki tekist.

Á árinu 2005 hafi forsvarsmenn Sunnlenska fréttablaðsins og Frétta leitað til framkvæmdastjóra SASS og óskað eftir því að fá afnot af léni samtakanna. Þeim hafi verið greint frá því að það kæmi til greina að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Af hálfu SASS hafi aðalatriðið verið hið sama og fyrr, að auka umferð inn á heimasíður SASS og tengdra stofnana með tenglum inn á síðu fréttavefsins.

Samningur um þetta hafi verið undirritaður þann 10. október 2005 og gildi til 31. desember 2007. Í samningnum sé fjallað um greiðslu fyrir afnot af léninu og tengla á forsíðu hins nýja fréttavefs. Þá kemur m.a. fram að í samningnum sé fjallað um miðlun fréttar af starfsemi sveitarfélaganna og frá Suðurlandi inni á fréttavefnum.

Í bréfinu segir frá því að SASS meti það svo að það verði „ekki séð“ að ákvæði samkeppnislaga taki til samnings eins og þess sem hér um ræðir, né að samningurinn brjóti gegn samkeppnislögum „að öðru leyti“. Kemur fram það sjónarmið að kvartandi hefði betur skýrt nánar með hvaða hætti samningurinn bryti gegn samkeppnislögum.

Í bréfinu er því mótmælt að áhrifa samningsins gæti og þess krafist að kærandi sýni fram á tjón sitt með rökum og sönnunargögnum, t.d. úr bókhaldi og gögnum um umferð á vefnum, enda fylgist eigendur fréttasíðna í flestum tilvikum með umferð inn á þær.

Þá kemur fram það mat að SASS stundi ekki atvinnurekstur, enda sé um að ræða þjónustu og samstarfsvettvang fyrir 16 sveitarfélög og séu samtökin ekki aðili í einkarekstri. Samkvæmt því séu samtök á borð við SASS undanþegin ákvæðum samkeppnislaga, sem sé ætlað að taka til þeirra aðila í einkarekstri sem stunda atvinnustarfsemi á viðskiptagrundvelli.

Í bréfinu er þess getið að auk þeirrar greiðslu sem SASS fái fyrir lénið megi telja auglýsingagildi samningsins til endurgjalds fyrir lénið. Bent er á að sönnunarbyrði um tjón eða mismunun hvíli á kvartanda, og að því sé ekki haldið fram af hálfu kvartanda að endurgjaldið sé óeðlilegt.

Þá er þess getið að á markaði þeim sem um ræðir séu mjög stórir fréttavefir á borð við mbl.is og visir.is. Ekki sé unnt að flokka þennan markað niður eftir staðsetningu fyrirtækis eða eftir því hvort lögð sé áhersla á landshlutabundnar fréttir frá Suðurlandi eða öðrum landshlutum. Sunnlenska og Fréttir geti ekki talist markaðsráðandi fyrirtæki í skilningi samkeppnislaga, hvort sem litið sé á fréttavefi sem sjálfstæðan markað í skilningi samkeppnislaga eða sem hluta af hinum hefðbundna fjölmiðlamarkaði.

Í bréfinu segir frá því SASS hafi fengið lénið sudurland.is árið 1998 og notað frá þeim tíma, en lénið sudurland.net hafi verið tekið í notkun á árinu 2000, og hafi því kvartanda, eða þeim sem hann leiðir rétt sinn frá, mátt vera ljóst að ruglingshætta gæti orðið á milli þessara tveggja léna. Þetta hefði auðvitað átt að hafa áhrif á val kvartanda á lénsnafni fyrir vef sinn. Ef byggt væri á því sem kvartandi haldi sjálfur fram um meinta ruglingshættu þá sé það kvartandi sjálfur,



sem hafi brotið gegn rétti samtakanna með því að nota lénsnafn sem sé nánast hið sama og lénsnafn samtakanna, en ekki öfugt.

Loks segir í bréfinu að SASS telji, að ekki sé tilefni til íhlutunar eða afskipta samkeppnisyfirvalda vegna þessa erindis og bent er á að leita þurfi eftir athugasemdum og umsögn Sunnlenska og Frétta vegna málsins.

Með bréfi, dags. 13. janúar 2006, sendi Samkeppniseftirlitið Fréttavefnum afrit af umsögn SASS og meðfylgjandi gögnum til athugunar.

3.2

Umsögn Fréttavefsins barst með bréfi Hróbjarts Jónatanssonar lögmanns, dags. 24. janúar 2006. Þar kemur fram að með því að heimila keppinautum Fréttavefsins að nota vefinn sudurland.is hafi SASS í reynd valdið röskun á samkeppni netfréttamiðla á Suðurlandi sem hafi valdið Fréttavefnum tjóni. Ekki skipti máli í þessu sambandi að SASS kunni að hafa haft í hyggju að tengja fréttavef við lénið sudurland.is áður en samningurinn tók gildi.

Í bréfinu er greint frá því hvaða tilgangi samtökin gegna skv. lögum þeirra, en ljóst sé af þeim að tilgangur SASS sé ekki þátttaka í einkarekstri af einu eða öðru tagi, með eða án þátttöku einstaklinga og fyrirtækja. Rekstur SASS á léninu sudurland.is hafi því fyrst og fremst verið til að auðvelda almenningi gagnkvæm samskipti við stjórnarsýslu hlutaðeigandi sveitarfélaga og til að upplýsa almenning um málefni sem heyri undir sveitarfélögin.

Með því að heimila samkeppnisaðilum Fréttavefsins afnot af léninu sudurland.is hafi SASS dregið taum ákveðinna aðila í fjölmiðlarekstri á kostnað Fréttavefsins. Slíkt sé í andstöðu við samkeppnislögin, sbr. ákvörðun samkeppnisráðs í máli 31/1996, *Kvörtun yfir kynningu á fyrirtæki í dreifibréfi frá Heilbrigðiseftirliti Kjósarsvæðis til húsráðenda í Mosfellsbæ*. Það mál sé sambærilegt því máli sem hér um ræðir. Málavextir hafi verið þannig í því máli að Heilbrigðiseftirlit Kjósarsvæðis hafi í dreifibréfi til heimila í Mosfellsbæ mælt með einu tilteknu fyrirtæki sem seljanda sorpílata. Hafi niðurstaða samkeppnisráðs verið sú að auglýsing heilbrigðiseftirlitsins á sorpílátum frá einu fyrirtæki, í dreifibréfi til húsráðenda í Mosfellsbæ, hafi verið til þess fallin að hafa skaðleg áhrif á samkeppni á viðkomandi markaði. Því hafi því verið beint til Heilbrigðiseftirlits Kjósarsvæðis að það léti af kynningu á einstökum fyrirtækjum sem seldu sorpílát nema öllum þeim sem seldu slík ílát væri gert jafn hátt undir höfði.

Í rökstuðningi samkeppnisráðs hafi komið fram að framferði heilbrigðiseftirlitsins færi gegn markmiði samkeppnislaga, að efla virka samkeppni í viðskiptum m.a. með því að vinna gegn skaðlegri fákeppni og samkeppnishömlum og auðvelda aðgang nýrra keppinauta að markaðnum, með því að draga taum ákveðinna aðila.

Ljóst sé af því fordæmi að Samkeppniseftirlitið hafi lögsögu yfir opinberum aðilum þegar athafnir þeirra hafi eða geti haft skaðleg áhrif á samkeppni. Þá staðfesti ívitnaður úrskurður samkeppnisráðs að kvartanda sé ekki þörf á að sýna tölulega fram á fjártjón vegna röskunar á samkeppnisaðstæðum né að gera ítarlega grein fyrir samkeppnislegum röskunaráhrifum þeirrar háttsemi sem kvörtun beinist að, umfram það sem nauðsynlegt er til „að gera grein fyrir samhengi hlutanna“, eins og orðrétt segir í bréfinu. Enn fremur segir í bréfinu að hinn ívitnaði úrskurður sýni, að „kvartanda sé ekki þörf á að sýna fram á, í þessu samhengi, að



endurgjald það sem SASS áskilur sér fyrir aðgang samkeppnisaðila að léninu sudurland.is sé óeðlilegt". Þó er vakin athygli á því að árgjald að fjárhæð 50.000,- kr. sé í engu samræmi við markaðslegt gildi þess að ráða yfir þessu léni. Með þessum samningi hafi samkeppnisaðilar Fréttavefsins „í raun fengið í sinn hlut þá viðskiptavild... sem fylgir því að opinberir aðilar hafa haldið úti umræddu léni um margra ára skeið."

Þá eru í bréfinu gerðar athugasemdir við fullyrðingar af hálfu SASS um að fréttamiðlar á vefnum eigi sér ekki staðbundið markaðssvæði. Hér sé um misskilning að ræða. Augljóst sé að markaðssvæðið í málinu sé Suðurland, enda sé viðfangsefni beggja aðila, Fréttavefsins og samkeppnisaðila hans, að segja fréttir af Suðurlandi.

Þá segir í bréfinu að SASS hafi, í krafti þess að vera samtök sveitarfélaga á Suðurlandi, tiltekna aðstöðu, sem ekki verði sköpuð af öðrum aðilum og ekki sé unnt að fá aðgang að hjá öðrum á þessu markaðssvæði. Ekki skipti máli hvort samkeppnisaðilar Fréttavefsins séu markaðsráðandi eða ekki, heldur það að SASS sé markaðsráðandi í því samhengi sem hér um ræðir, sbr. úrskurð í máli 31/1996. Bersýnilegt sé að samningur SASS við fréttamiðlana brjóti gegn 1. gr. sbr. 16. gr. samkeppnislaga, enda hafi SASS dregið taum þessara aðila með samningnum og látið þeim í té víðtæk afnot af léni sínu til þess að veita þeim samkeppnislegt forskot á Fréttavefinn og rýra markaðsstöðu hans.

Í bréfinu er enn fremur bent á að fullyrðingar af hálfu SASS um að Fréttavefnum hefði átt að vera ljóst að um ruglingshættu væri að ræða, þegar hann hóf rekstur fréttavefs á léni sínu, eigi ekki við rök að styðjast, enda sé ljóst af atvikum málsins að þar til SASS gerði hinn umdeilda samning hafi lénið sudurland.is eingöngu nýst sem upplýsingavefur fyrir samskipti almennings við stjórnsýslu sveitarfélaga á Suðurlandi og því hafi ólík starfsemi verið rekin á téðum lénum. Ruglingshætta hafi því ekki komið til fyrr en lénið var lagt undir fréttamiðlun í samkeppni við Fréttavefinn.

Loks er í bréfinu vakin athygli á því, að SASS og hlutaðeigandi viðsemjendur SASS hafi fengið tækifæri til þess að komast hjá því að raska samkeppni með þeim hætti sem raun ber vitni, áður en hinn umdeildi samningur tók gildi. Lýkur bréfinu á kröfu um að ekki verði tekið tillit til þess við úrlausn málsins, að samkeppnisaðilar Fréttavefsins „*kunni að hafa lagt í kostnað eða áunnið sér aðstöðu sem skuli hafa áhrif til mildunar aðgerða Samkeppniseftirlitsins gagnvart þeim og SASS vegna framangreindra brota á samkeppnislögum*", eins og orðrétt segir í bréfinu.

Með bréfi, dags. 27. janúar 2006, sendi Samkeppniseftirlitið SASS afrit af umsögn Fréttavefsins til athugunar.

3.3

Umsögn SASS barst með bréfi Óskars Sigurðssonar lögmanns, dags. 7. febrúar 2006. Í bréfinu eru áður fram komin sjónarmið ítrekuð. Þá er bent á að SASS hafi haft umrætt lén frá árinu 1998 og hafi fullan ráðstöfunarrétt yfir því. SASS hafi ekki rekið fréttavef á léninu sudurland.is og hafi því ekki afhent viðsemjendum sínum slíkan rekstur í hendur. SASS hafi ekki veitt þessum fjölmiðlum einkarétt á að birta tilkynningar, fréttir eða upplýsingar um SASS, og á það er bent að þau



aðildarsveitarfélög SASS sem haldi úti heimasíðu vísi á báða þessa fréttavefi, sudurland.is og sudurland.net. Báðum aðilum sé gert jafn hátt undir höfði hvað þetta varði.

Í bréfinu er enn fremur minnt á að lénið sudurland.net hafi verið tekið í notkun á eftir léni SASS. SASS hafi ekki talið ástæðu til að gera athugasemdir við þetta lénsnafn, þrátt fyrir að ruglingshætta gæti verið fyrir hendi. Ruglingshættan hefði átt að hafa áhrif á val kvartanda á lénsnafni en geti ekki takmarkað réttindi eða möguleika SASS á hagnýtingu á sínu léni með beinum eða óbeinum hætti, td. með því að heimila öðrum afnot af því.

Þá er bent á að engar takmarkanir séu að finna í samkeppnislögum, sveitarstjórnarlögum né stjórnarsýslulögum, sem hindri einkaaðila eða sveitarfélag í því að afhenda öðru fyrirtæki afnot af léni sínu, þegar annar aðili í atvinnurekstri hafi komið sér upp léni sem heiti sama nafni en með annarri (.net) endingu.

Í bréfinu segir enn fremur frá því að átt hafi átt sér stað viðræður, m.a. fyrir tilstuðlan framkvæmdastjóra SASS, um að tengja fréttavef við lénið sudurland.is löngu áður en umræddur samningur kom til og áður en sótt var um lénið sudurland.net. Þetta hafi verið alkunna meðal þeirra sem stunduðu fjölmiðlarekstur á Suðurlandi. Þessar sömu hugmyndir hafi komið upp í kringum 2004 af hálfu fyrirsvarsmanna Sunnlenska, sem ráku fréttavefinn sunnlenska.is, m.a. þegar núverandi eigandi Fréttavefsins var starfsmaður þar. Þessa forsögu þurfi að hafa í huga við umfjöllun um erindi Fréttavefsins.

Þá er því hafnað að reynt hafi verið að villa um fyrir netnotendum með samningi SASS við fréttamiðlana.

Í bréfinu er því enn fremur mótmælt að tilvísun til máls 31/1996 eigi við, enda sé það ólíkt mál. Í því máli hafi Heilbrigðiseftirlit Kjósarsvæðis mælt með einni vörutegund umfram aðra, en slíkt sé ekki gert í samningi SASS við fréttamiðlana um afnot af léni SASS. Þá hafi Fréttavefurinn einnig óskað eftir afnotum af léninu sudurland.is, þannig að erfitt sé að sjá að samningurinn „*skerði samkeppni og útiloki aðila frá því að starfa á þessu sviði*“. Ósannað sé að Fréttavefurinn hafi beðið tjón vegna samningsins.

Þá segir í bréfinu að það sé misskilningur hjá lögmanni Fréttavefsins að SASS sé markaðsráðandi í skilningi samkeppnislaga, enda sé vafamál hvort samkeppnislög taki til rekstrar SASS. SASS sé ekki aðili í einkarekstri sem stundi atvinnustarfsemi á viðskiptagrundvelli í skilningi samkeppnislaga. Vandséð sé hvernig SASS geti talist markaðsráðandi aðili og að unnt sé að beita 11. gr., sbr. 16. gr., samkeppnislaga gagnvart honum. Til þess að slíkt væri unnt þyrfti að sýna fram á að Fréttavefurinn hefði markaðsráðandi stöðu, en það hefði ekki verið gert.

Með bréfi, dags. 28. apríl 2006, sendi Samkeppniseftirlitið Fréttavefnum afrit af umsögn SASS til athugunar.

3.4

Umsögn Fréttavefsins barst með bréfi, dags. 4. maí 2006. Í umsögninni eru áður fram komin sjónarmið ítrekuð. Bent er á að í umsögn SASS sé einnig að miklu



leyti að finna endurtekningar og ítrekanir áður framkominna sjónarmiða sem svarað hafi verið í fyrra bréfi.

Þá er bent á það í bréfinu að í umsögn SASS sé fjallað um að ekkert komi í veg fyrir frétttaflutning annarra fréttamiðla af vettvangi samtakanna, en þetta hafi ekki verið umkvörtunarefni Fréttavefsins. Einnig er bent á það að það sé SASS ekki til málsbóta í þessu máli að aðildarsveitarfélög SASS vísi á báða fréttavefina, sudurland.is og sudurland.net, á sínum heimasíðum. Fréttavefurinn eigi í góðu samstarfi við sveitarfélögin á Suðurlandi en þau séu ekki það sama og SASS.

Í bréfinu er því enn fremur mótmælt að Fréttavefurinn hafi falast eftir léninu sudurland.is fyrir vef sinn. Lýsir Fréttavefurinn furðu á því að farið sé út í „markaðssetningu á fréttavef með afnot af léni til tveggja ára“ í ljósi þess að lén sé einkonar vörumerki fyrirtækja sem starfi á vefnum, vörumerki sem verði „verðmætara eftir því sem markaðssetning þeirra er meiri“.

Þá er í bréfi Fréttavefsins vísað til 12. gr. laga nr. 57/2005 um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins.

Í þessari lagagrein segir m.a.:

„...Enn fremur er sérhverjum bannað að nota auðkenni, sem hann á tilkall til, á þann hátt að leitt geti til þess að villst verði á því og öðru einkenni sem annað fyrirtæki notar með fullum rétti.“

Lýkur bréfi Fréttavefsins á áminningu um að opinberir aðilar eigi ekki að gera fyrir einn aðila í samkeppnisrekstri, það sem þeir vilji ekki eða geti ekki gert fyrir annan. Bent er á að hafi vilji SASS verið sá að auka frétttaflutning um málefni sveitarfélaganna og um leið aðgengi netnotenda að fréttamiðlum á Suðurlandi hefði mátt hugsa sér að hafa lénið sudurland.is sem einkonar aðalhlíð inn á hinar ýmsu fréttaveitur sérblaða og héraðsmiðla á Suðurlandi, en slíkt hefði veitt öllum jafnan rétt.

Með bréfi, dags. 11. maí 2006, sendi Samkeppniseftirlitið SASS afrit af umsögn Fréttavefsins til athugunar.

3.5

Umsögn SASS barst með bréfi, dags. 31. maí 2006. Í bréfinu kemur fram að ekki sé talin ástæða til að koma á framfæri frekari athugasemdum í máli þessu.

Með bréfi, dags. 8. júní 2006, sendi Samkeppniseftirlitið Fréttavefnum afrit af bréfi SASS.

Með bréfi, dags. 25. janúar 2007, sendi Samkeppniseftirlitið Eyjasýn ehf. og Sunnan 4 ehf., eða aðilum þeim sem sömdu við SASS um afnot af léninu sudurland.is, afrit af gögnum málsins ásamt gagnalista. Var fyrirtækjunum gefinn frestur til að tjá sig um gögnin.

Engin svör bárust frá fyrirtækjunum tveimur.

Með bréfi, dags. 11. apríl 2007, sendi Samkeppniseftirlitið SASS, Fréttavefnum, Eyjasýn og Sunnan 4 tilkynningu um að gagnaöflun í málinu væri lokið og vænta mætti niðurstöðu Samkeppniseftirlitsins í málinu innan tíðar. Með tilkynningunni fylgdi gagnalisti málsins.



II.

Álit Samkeppniseftirlitsins

1.

Fréttavefur Suðurlands fer þess á leit við Samkeppniseftirlitið í máli þessu að gripið verði til aðgerða gagnvart Samtökum sveitarfélaga á Suðurlandi, SASS, vegna samnings samtakanna við Sunnlenska fréttablaðið og Eyjafréttir um afnot af léninu sudurland.is. Er þess krafist að eftirlitið ógildi umræddan samning sem að mati kvartanda mismunar keppinautum í rekstri fréttavefja á Suðurlandi. Kæra Fréttavefsins er byggð á 16. gr. laga nr. 44/2005 með vísan til markmiðs laganna, sbr. 1. gr. þeirra.

Í kvörtun sinni vísar Fréttavefurinn einnig til 12. gr. laga um ólögmæta viðskiptahætti, nr. 57/2005. Ekki verður fjallað um þann þátt frekar í máli þessu enda er túlkun á lögum nr. 57/2005 ekki á valdsviði Samkeppniseftirlitsins. Sama á við um umfjöllun kæranda um ruglingshættu á milli veflénanna sudurland.is og sudurland.net. Slík umfjöllun á undir Neytendastofu á grundvelli laga um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins. Loks á það sama við um umfjöllun Fréttavefjarins um að líkja megi lénnum vefyfirtækja við vörumerki þeirra. Um þann þátt verður ekki fjallað frekar í máli þessu enda er vörumerkjaréttur ekki viðfangsefni Samkeppniseftirlitsins og mun stofnunin því ekki fjalla um hugsanleg álitamál á því réttarsviði í máli þessu.

2.

Í málflutningi SASS kemur fram það mat að samningurinn sem um er deilt brjóti ekki gegn samkeppnislögum enda hafi SASS ekki með höndum „*atvinnurekstur í skilningi samkeppnislaga og [geti] ekki heldur talist fyrirtæki í þeim skilningi. SASS [séu] samtök 16 sveitarfélaga á Suðurlandi.*“ Þá séu „*samtök á borð við SASS undanþegin ákvæðum samkeppnislaga, þar sem lögunum [sé] ætlað að taka til þeirra aðila í einkarekstri sem stunda atvinnustarfsemi á viðskiptagrundvelli, sbr. 2. gr. laganna.*“

Með vísan til sjónarmiða SASS um gildissvið samkeppnislaga gagnvart starfsemi samtakanna er eðlilegt að taka það efni til umfjöllunar í upphafi.

Að mati Samkeppniseftirlitsins er ekki þörf á því að taka afstöðu til þess hvort starfsemi SASS eins og hún birtist í þessu máli teljist til atvinnurekstrar eða ekki. Samkeppniseftirlitið getur beint álit til viðkomandi stjórnvalds á grundvelli c-liðar 1. mgr. 8. gr. og/eða 18. gr. samkeppnislaga sem og beitt heimild b-liðar 1. mgr. 16. gr samkeppnislaga og beint bindandi fyrirmælum til stjórnvalds, hvort sem stjórnvaldið telst stunda atvinnurekstur eður ei. Geta slík fyrirmæli eða aðgerðir falið í sér hverjar þær ráðstafanir sem nauðsynlegar eru til að bregðast við athöfnum opinberra aðila sem kunna að hafa skaðleg áhrif á samkeppni, sbr. 2. mgr. 16. gr. laganna.

3.

Til að meta hvort tiltekna athafnir opinberra aðila hafi skaðleg áhrif á samkeppni þarf að skilgreina þann markað sem þær kunna að hafa áhrif á.



SASS heldur fram því sjónarmiði að fréttamiðlarnir sem fengu lénið sudurland.is séu ekki í markaðsráðandi stöðu, enda starfi stórir fréttamiðlar á borð við mbl.is og visir.is á sama markaði. Þennan markað sé ekki unnt að flokka niður eftir staðsetningu eða hvort fréttamiðlarnir leggi áherslu á landshlutabundnar fréttir. Hvort sem litið sé á markað fréttavefja sem sjálfstæðan markað, eða sem hluta af fjölmiðlamarkaði, þá geti Sunnlenska og Fréttir í hvorugu tilvikinu talist markaðsráðandi fyrirtæki í skilningi samkeppnislaga.

Í málflytningu Fréttavefsins segir m.a. að ekki skipti máli hvort Sunnlenska og Fréttir séu markaðsráðandi. Það sem máli skipti í þessu sambandi sé að markaðssvæðið sé Suðurland og að SASS hafi tiltekna aðstöðu sem ekki verði sköpuð af öðrum, m.ö.o. markaðsráðandi stöðu í þessu samhengi.

Það sem um er deilt í þessu máli er samningur sá sem SASS gerði við Sunnlenska og Fréttir um afnot þeirra síðarnefndu af léni í eigu SASS, sudurland.is. Í samræmi við heiti lénsins er á vef þessum nær eingöngu fjallað um sunnlensk málefni í víðum skilningi eða reynt að höfða til þeirra sem búa á Suðurlandi eða hafa einhver tengsl eða hagsmuni bundna við það svæði. Sá vefur sem kvartandi rekur, sudurland.net, er mjög svipaður vefnum sudurland.is hvað umfjöllunarefni og markhópa áhrærir. Að mati Samkeppniseftirlitsins er fullyrðing SASS þess efnis, að vefirnir mbl.is og visir.is starfi á sama markaði og þessir staðbundnu innlendu fréttavefir, ekki rétt. Umfjöllunarefni sunnlensku vefjanna er mun þrengra og afmarkaðra en almennra innlendra fréttavefja eins og mbl.is og visir.is og augljósir markhópar ólíkir. Skoðun á umræddum vefjum sýnir þetta glögglega. Í þessu sambandi má einnig benda á að í samningi þeim sem deilt er um í málinu segir að samningsaðilar skuli leitast við að segja fréttir af Suðurlandi. Því er það niðurstaða Samkeppniseftirlitsins að markaður þessa máls sé rekstur fréttavefja á lýðnetinu sem einkum og sér í lagi fjalla um sunnlensk málefni og höfða til íbúa Suðurlands og annarra sem láta sig málefni Suðurlands varða.

Í þessu máli þarf ekki að taka af skarið um það hvort einhver og þá hver sé í ráðandi stöðu á umræddum markaði þar sem ekki er verið að fjalla um meinta misnotkun á slíkri stöðu heldur hvort athafnir opinbers aðila, SASS, hafi skaðað samkeppni á hinum skilgreinda markaði.

4.

Í málinu liggur fyrir að þann 10. október 2005 gerði SASS samning við Sunnan4 ehf. annars vegar og Eyjafréttir ehf. hinsvegar um afnot þessara aðila að léninu sudurland.is, til þess að reka þar sameiginlegan sunnlenskan fréttavef. Kemur fram í samningnum að samningsaðilar muni leitast við að afla fréttu af Suðurlandi og flytja þær á vefnum jafnframt því að flytja fréttir af starfsemi sveitarfélaganna. Þá kemur einnig fram að SASS og tengdar stofnanir fái tengla birta á forsiðu sudurland.is sem muni vísa á heimasíður þessara stofnana. Samningurinn gildir til 31. desember 2007. Þessi samningur var gerður án útboðs eða samningsumleitana við fleiri aðila en þeirra sem samið var við. Áður en samningurinn var gerður var lénið sudurland.is notað fyrir stjórnsýsluvef SASS.

Í málinu liggur einnig fyrir að Fréttavefur Suðurlands er keppinautur á sama markaði og notast við lénið sudurland.net til þess að keppa við fréttamiðlana sem reka fréttavef sinn á léni SASS, sudurland.is.



Markmið samkeppnislaga er samkvæmt 1. gr. laganna að efla virka samkeppni í viðskiptum m.a. með því að vinna gegn skaðlegri fákeppni og samkeppnishömlum og auðvelda aðgang nýrra keppnauta að markaðnum. Með því að semja við eitt fyrirtæki um afnot af léninu sudurland.is án þess að gefa öðrum fyrirtækjum, sem starfa á sama markaði, tækifæri til þess að gera tilboð í leigu á léninu fór SASS gegn markmiði samkeppnislaga. Blasir við að með því að veita einum aðila sem starfar á markaðnum aðgang að umræddu léni, sem var vel kynnt og ber auk þess með sér heiti landshlutans og hina viðteknu endingu íslenskra léna, .is, mismunaði SASS keppnautum á markaði og skapaði samkeppnislegt forskot fyrir einn keppnaut. Þessar athafnir SASS samrýmast ekki samkeppnislögum. Hafi SASS vilja til að ráðstafa léni samtakanna til afnota fyrir keppnauta á sviði fréttu- upplýsinga- og auglýsingamiðlunar er eðlilegt fyrir samtökin að efna til opinbers útboðs á léninu eða ráðstafa því á annan málefnalegan og gagnsæjan hátt sem ekki mismunar keppnautum.

Eins og hér stendur á er að mati Samkeppniseftirlitsins ekki þörf á að beita heimild b-liðar 1. mgr. 16. gr. samkeppnislaga í máli þessu og ógilda umræddan samning. Með vísan til c-liðar 1. mgr. 8. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005 beinir Samkeppniseftirlitið hins vegar þeim tilmælum til SASS að hafa hliðsjón af framangreindu álitum og bjóða út afnot af umræddu léni þegar samningurinn, sem deilt er um í máli þessu, rennur út og haga starfsemi SASS í framtíðinni að þessu leyti í samræmi við markmið samkeppnislaga.

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson

